

**Rannsókn á beinum úr kirkjugarðinum að  
Neðra-Ási í Hjaltadal, 1998**

**Hildur Gestsdóttir**

Fornleifastofnun Íslands

FS057-98171

Reykjavík 1998

# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>AÐFERÐAÐFRÆÐI</b> .....	<b>3</b>
KÝNGREINING.....	3
LÍFALDURSGREINING.....	4
LÍKAMSHÆÐ.....	4
MÆLANLEGAR ATHUGANIR OG MEÐFÆDD EINKENNI (NON-METRIC TRAITS).....	5
VARDVEISLA.....	5
<b>NÍÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>5</b>
BEINAGRIND 84-001 (NAH-A-1).....	6
BEINAGRIND 84-002 (NAH-A-2).....	6
BEINAGRIND 98-001 (NAH-B-1).....	7
BEINAGRIND 98-002 (NAH-B-2).....	8
BEINAGRIND 98-003 (NAH-B-3).....	8
BEINAGRIND 98-004 (NAH-B-4).....	8
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>9</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>10</b>
<b>VIÐAUKI I – TENNUR / DENTITION</b> .....	<b>11</b>
<b>VIÐAUKI II – MEINAFRÆÐILEGAR BREYTINGAR / PALAEOPATHOLOGY</b> .....	<b>12</b>

## Inngangur

Í júní 1998 fór fram rannsóknaruppgröftur á kirkjuleifum í landi Neðra-Áss í Hjaltadal. Verkefnið var samstarfsverkefni á Fornleifastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands undir stjórn Orra Vésteinssonar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna kirkjuna sjálfa (Roberts, 1998) en við þá athugun komu einnig í ljós leifar mannabeina sem verða greindar hér á eftir, alls úr fjórum einstaklingum. Einnig eru teknar með í þessa skýrslu og greindar tvær beinagrindur úr kirkjugarðinum að Neðra-Ási sem Þór Magnússon þjóðminjavörður gróf upp árið 1984 (Þór Magnússon, 1984).

## Aðferðafræði

Við rannsóknina voru notaðar nokkrar aðferðir til þess að greina kyn og lífaldur. Í hverju tilviki voru notaðar eins margar aðferðir og varðveisla leyfði.

### *Kyngreining*

Við kyngreiningu beina frá Neðra-Ási var stuðst við mismunandi form og stærðir einkenna á hauskúpu og mjaðmagrind, en þessi einkenni aðgreina helst kynin (sjá t.d. Schwarts, 1995; Buikstra & Ubelaker, 1994).

Kyngreiningu var skipt í fimm hópa:

- **Ógreinanlegt** – Þeir einstaklingar sem voru of illa varðveittir til þess að greina kyn, eða þar sem niðurstöður voru ófullnægjandi.
- **Karlkyns**

- **Karlkyns?** – Þeir einstaklingar sem eru trúlega karlkyns en þar sem niðurstöður eru ekki fullnægjandi til þess að greina með vissu.
- **Kvenkyns**
- **Kvenkyns?** – Þeir einstaklingar sem eru trúlega kvenkyns en þar sem niðurstöður eru ekki fullnægjandi til þess að greina með vissu.

### *Lífaldursgreining*

Vegna þess hve illa beinin frá Neðra-Ási voru varðveitt var aðeins hægt að nýta eina lífaldursgreiningarðferð sem byggð er á sameiningu hauskúpusaumanna (sjá Buikstra & Ubelaker, 1994). Greining á tanneyðingu er ein af helstu aðferðunum við lífaldursgreiningu (Brothwell 1981). Tennur varðveittust nokkuð vel í flestum tilvikum á Neðra-Ási. Hins vegar er eyðing á tönnum íslenskra beinagrinda mun minni en á tönnum þeirra beinagrinda sem staðlarnir eru byggðir á, sem þýðir að þessir staðlar nýtast ekki hér.

Lífaldursgreiningu á beinum fullvaxinna einstaklinga var skipt í fimm flokka:

- **Ógreinanlegur** – Þar sem engin einkenni sem duga til lífaldursgreininga hafa varðveist.
- **18 – 25 ára**
- **26 – 35 ára**
- **36 – 45 ára**
- **46+ - 46 ára og eldri**

### *Líkamshæð*

Ekki var hægt að reikna út líkamshæð beinagrindanna frá Neðra-Ási vegna slæmrar varðveislu.

### *Mælanlegar athuganir og meðfædd einkenni (Non-metric traits)*

Vegna þess hve slæm varðveisla er á beinum frá Neðra-Ási var ekki hægt að gera neinar mælingar á þeim. Þar sem mögulegt var voru meðfædd einkenni skráð og þeim bætt í gagnagrunn Fornleifastofnunnar Íslands. Þessi einkenni verða ekki sérstaklega skráð hér vegna þess að ekki er hægt að vinna tölfræðilega marktæka rannsókn á þessum beinum þar sem aðeins er um sex einstaklinga að ræða.

### *Varðveisla.*

Við rannsóknina á beinum úr frá Neðra-Ási var hverri beinagrind gefin einkunn frá 1 til 5 fyrir varðveislu. Þessar tölur eiga bæði við magn og notagildi beinanna til rannsókna:

- 1 = >90%
- 2 = 75 – 90%
- 3 = 50 – 75%
- 4 = 35 – 50%
- 5 = <30%

### **Niðurstöður**

Ekki var unnt að gera neina ‘palaeodemographíska’ rannsókn á beinagrindunum frá Neðra-Ási, þar sem einungis er um að ræða sex einstaklinga, of fáa til að slík rannsókn væri tölfræðilega marktæk (Waldron, 1994). Því hefur verið ákveðið að birta niðurstöður um hvern einstakling fyrir sig.

*Beinagrind 84-001 (NAH-A-1)*

- **Kyn:** Karlkyns?
- **Aldur:** Ógreinanlegur.
- **Varðveisla:** 5 (<30%). Brot úr aftari hluta hauskúpu og nokkur brot úr kjálka. Brot úr efstu fimm hálsliðum og brot úr þremur vinstri rifbeinum (2, 3 & 4?). Leggirnir úr bæði hægri og vinstri upparmlegg, sveif og öln; brot af mjaðmarspaða, ekki vitað hvort það er sá hægri eða vinstri. Barkarbeinið á öllum beinunum hefur flagnað mjög.
- **Tennur:** Sjá viðauka I.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Engar.

*Beinagrind 84-002 (NAH-A-2)*

- **Kyn:** Karlkyns?
- **Aldur:** 45+.
- **Varðveisla:** 5 (<30). Hnakkabeinið hefur varðveist og brot úr ennisbeini, báðum hvirfilbeinum, báðum gagnaugabeinum, hægri hluti beingóms og nokkur brot úr kjálka, þar á meðal hægri kjálkaálman. Brot úr fyrstu fimm hálsliðunum og fyrsta brjóstlið; báðir viðbeinsbolirnir; brot úr einu hægra rifbeini (2?). Hægri axlarhyrnan og vinstri liðskál hreðablaðs með neðsta hluta herðablaðsnibbu. Flest bein, sérstaklega flötu beinin, mjög flögnuð.
- **Tennur:** Sjá viðauka I.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Gljúpleiki á liðbolum hálsliða 3 og 4 og brjóstliðs og beinherðing á neðri liðtind hálsliðs 5 benda til gigtarbreytinga. Slíkar breytingar eru ekki óalgengar hjá einstaklingum eldri en 45 ára, en einnig er möguleiki á að þetta tengist beinherðingu og

liðhrörnun á standdæld leikanda og fremri liðfleti standliðar sem bendir til hugsanlegra hálsmeiðsla, þar sem að leikandinn hefur færst fram á standliðnum.

Liðhrörnun (*arthosis*) á neðri hægri axlarhyrnunni bendir til þess að að hægri axlarliðurinn hafi aflagast uppávið og ekki færst aftur á réttan stað. Ný liðamót hafa myndast á milli hægri upparmshöfuðsins og axlarhyrnunnar. Beinherðing hefur myndast á aftari hluta nýja liðflatarins, sem bendir til að aflögunin á liðnum hafi átt sér stað þó nokkru fyrir dauða og að einstaklingurinn hafi haldið áfram að nota hægri handlegginn þrátt fyrir aflögunina. Því miður þá varðveittist hægra upparmshöfuðið ekki þannig að ekkert er vitað hvaða áhrif aflögunin hafði á það. Nákvæma lýsing á meinafræðilegum breytingum er að finna í viðauka II.

***Beinagrind 98-001 (NAH-B-1)***

- **Kyn:** Kvenkyns.
- **Aldur:** 36-45.
- **Varðveisla:** 5 (<30%). Hnakkabein og ennisbein eru nokkuð heilleg, brot úr báðum gagnaugabeinum og hvirfilbeinum, brot úr öllum andlitsbeinum og kjálki nokkuð heillegur. Brot úr fyrstu fimm hálsliðum; bolur vinstra viðbeins og neðri hluti vinstri herðablaðsnibbu með broti af blaði herðablaðs. Tvö rifbeinsbrot, annað hægri, hitt vinstri. Brot úr bæði hægri og vinstri upparmlegg og lærlegg. Brot úr vinstri(?) mjaðmarspaða.
- **Tennur:** Sjá viðauka I.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Engar.

*Beinagrind 98-002 (NAH-B-2)*

- **Kyn:** Kvenkyns?
- **Aldur:** Ógreinanlegur.
- **Varðveisla:** 5 (<30%) Brot úr hnakkabeini, hægra og vinstra gagnaugabeini og hægri kjálkaálm; brot úr þremur hálsliðum (5, 6 & 7?). Hægri viðbeinsbolur; brot úr þremur rifbeinum, hlið óþekkt. Öll barkarbein hafa flagnað mjög.
- **Tennur:** Sjá viðauka I.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Engar.

*Beinagrind 98-003 (NAH-B-3)*

- **Kyn:** Ógreinanlegt.
- **Aldur:** Ógreinanlegur.
- **Varðveisla:** 5 (<30%). Brot úr glerungi tanna, þar á meðal a.m.k einn jaxl og tveir forjaxlar.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Engar.

*Beinagrind 98-004 (NAH-B-4)*

- **Kyn:** Ógreinanlegt.
- **Aldur:** Ógreinanlegur.
- **Varðveisla:** 5 (<30%). Vinstri kletthluti.
- **Meinafræðilegar breytingar:** Engar.



## Lokaorð

Slæm varðveisluskilyrði á Neðra-Ási gera það að verkum að uppgröftur á beinum er mjög tímafrekur, þar sem beinin eru mjög mjúk þegar þau liggja í jarðveginum sem þýðir að auðvelt er að skafa barkarbeiðið af (sjá einnig Hildi Gestsdóttur, 1997). Af þessum sökum er mjög takmarkað hve mikið af beinum hafa varðveist í hverri gröf, eins og t.d. beinagrind 98-002, sem var óhreyfð í gröfinni og grafin upp í heild sinni, en hefur varðveist mjög illa. Einnig eru þau bein sem varðveist hafa mjög þurr og í öllum tilvikum hefur barkarbeiðið flagnað að mestu af. Þess vegna eru rannsókum á beinum frá Neðra-Ási mikil takmörk sett, hvort sem um er að ræða kyn- og lífaldursgreiningar, meinafræðilegar athuganir, mælingar eða annarskonar rannsóknir.

## Heimildir

### **Brothwell, D.R.**

1981. *Digging up Bones*. (Oxford University Press: Oxford).

### **Buikstra, J.E. & Ubelaker D.H.**

1994. *Standards for Data Collection from Human Skeletal Remains*.  
Arkansas Archaeological Survey Research Series No. 44.

### **Hildur Gestsdóttir**

1997. *Athuganir á varðveislu beina úr kirkjugarðinum að Neðri-Ási*.  
(Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands FS041-97111: Fjölrit).

### **Roberts, H.M.**

1998. *Neðri-Ás í Hjaltadal. Framvinduskýrsla 1998*. (Skýrsla  
Fornleifastofnunar Íslands FS058-98172: Fjölrit)

### **Schwartz, J.H.**

1995. *Skeleton Keys*. (Oxford University Press: Oxford).

### **Waldron, T.**

1994. *Counting the Dead*. (John Wiley & Sons: Chichester).

### **Pór Magnússon**

1984. Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984. *Árbók hins íslenska  
fornleifafélags 84: 193-213*

## Viðauki I – Tennur / Dentition

Þessar upplýsingar eru skráðar á ensku svo að þær verði aðgengilegar sem flestum.

### Teeth:

1=tooth present  
 †=tooth absent antemortem  
 X=tooth absent postmortem  
 /=alveolar bone absent postmortem

### Calculus (Brothwell 1981)

Severity: Severity:  
 d=distal f=flecks  
 l=lingual s=slight  
 b=buccal me=medium

### Beinagrind 84-001 (NAH-A-1)

Ca																
Ca																
Tth	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/
Tth	8	7	6	5	4	X	X	X	X	X	X	X	X	6	X	8
Ca	dl	lb														
Ca	h	f														

### Beinagrind 84-002 (NAH-A-2)

Ca																
Ca																
Tth	8	7	6	5	X	3	2	†	†	2	3	/	/	/	/	/
Tth	/	7	/	/	4	/	/	1	1	†	3	/	/	/	/	/
Ca	b															
Ca	me															

### Beinagrind 98-001 (NAH-B-1)

Ca	me	me	h	s	s							me	s	s	me	
Ca	bl	bl	bl	bl	bl							bl	l	l	l	
Tth	8	7	6	5	4	3	2	1	1	2	3	4	5	6	7	8
Tth	8	7	6	5	4	3	2	1	1	2	3	4	5	6	7	8
Ca	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl	bl
Ca	s	h	s	f	me	f	h	h	h	s	h	me	h	h	h	h

### Beinagrind 98-002 (NAH-B-2)

Ca																
Ca																
Tth	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/
Tth	8	7	6	5	4	3	2	1	1	2	/	4	5	6	7	8
Ca																
Ca																

## Viðauki II – Meinafræðilegar breytingar / Palaeopathology

Þessar upplýsingar eru skráðar á ensku svo að þær verði aðgengilegar sem flestum.

### **Beinagrind 84-002 (NAH-A-2)**

- **Spinal changes:**

**C1:** Eburnation & slight osteophyte formation on facet for dens.

**C2:** Eburnation on anterior articular facet.

**C3:** Slight increase in porosity of the superior and inferior body.

**C4:** Slight increase in porosity of the superior and inferior body.

**C5:** Eburnation of the inferior process

**T1:** Slight increase in porosity of the superior and inferior body.

- **Bone:** Right scapula

- **Condition:** Only the head of the acromion survives, the superior edge is damaged.

- **Abnormality:** Formation of an arthrosis on the inferior surface of the acromion displaying very porous bone and slight lipping of the new articular surface. Possible slight eburnation of the posterior portion. Size 15x26mm.